

Skipulagsfulltrúi Ísafjarðarbæjar

Efni: Athugasemdir vegna grenndarkynningar – Hlíðarvegur 4, umsókn um byggingarleyfi

Undirritaðu eigandi að Túngötu 5, 400 Ísafirði vill koma eftirfarandi athugasemdum vegna umsóknar um fyrirhugaðs byggingarleyfi:

Til að byrja með vill undirritaður gera athugasemdir við framsetningu meðfylgjandi gagna með umsókn þessari. Nær ómögulegt er fyrir hagsmunaaðila átta sig á umfangi þessarar breytingar og að mörgu leit verið að draga úr þessum breytingum.

Í leiðbeiningum frá Skipulagsstofnun um grenndarkynningu og kynningargögn segir orðrétt „Götumyndir eða önnur skýringargögn sem lýsa umræddri framkvæmd á þann hátt að hagsmunaaðilar geti tekið afstöðu til hennar“

Skýringarmynd 3 (eftir breytingar) í meðfylgjandi gögnum er t.d. búið að þurrka út af myndinni nærliggjandi hús svo að ekki er með neinu móti hægt að sjá umfang þessarar breytingar og að sjá hvaða áhrif þessi viðamikla breyting hefur á nærumhverfið. (meðfylgjandi með þessu bréfi er skjáskot af grenndarkynningu þar sem er verið að staðsetja nýtt hús í gamalt hverfi og mynd af fyrirhuguðu húsi sett inn í raunstærð og útliti svo að hagsmunaaðilar geti tekið afstöðu)

Talað er um í kynningarbréfi frá skipulagsfulltrúa að „Mænishæð eykst“ ef rýnt er í meðfylgjandi teikningar er hægt að sjá að þakbrún er að hækka um tæpa 3 metra og hækkun á mæni er líklega um 0.8 metri.

Skuggavarþ: Athugasemd er gerð við hækkun á þakbrún og hækkun á mæni vegna skuggamyndunar sem þessi breyting hefur í garð við Túngötu 5. Nú þegar eru 5 mjög hávaxnar aspir í garði við Hlíðarveg 4 sem eru farnar að valda töluverðu skuggavarpi á hús og garð við Túngötu 5, þó sérstaklega á vorin og haustin þegar mesta þörfin er á sólarglætu. Þessar umræddu aspir eru samt í dag töluvert lægri en fyrirhugaðar breytingar eru. Undirritaður hefði talið rétt að með innsendum gögnum hefði fylgt gögn sem sýna skuggavarþ á nærliggjandi hús og garða.

Götumynd/ásýnd: Athugasemd, við neðanverðan Hlíðarveg frá Bæjarbrekku að Hallabrekku er ríkjandi ákveðinn húsamynd/götumynd, láreist lítil einbýlishús, engin af þessum húsum eru með t.d. gluggum á efri hæðum langhliða. Þakbrúnir, þakhalli og mænishæð þessara hús er svipuð, þessi fyrirhugaða breyting er í engu samræmi við þessa götumynd. Ef litið er t.d. á skýringarmynd 2 (Núverandi staða) í meðfylgjandi gögnum má sjá ljósastaur standa við húshornið, ætla má að þakbrún í fyrirhuguðum breytingum sé nánast við efri brún á ljósastaur.

Eins og áður segir hefði undirritaður talið að meðfylgjandi gögn þessar umsóknar hefði mátt vera skýrari og mun ítarlegri svo að hagsmunaaðilar geta tekið upplýsta afstöðu til hennar. Þrátt fyrir að hafa sent inn ósk um viðbótar gögn þann 2. mars sl. sem talin voru réttmæt að mati verkefnastjóra á umhverfis og eignasviði hafa þau ekki borist undirrituðum

Virðingarfyllt

Gylfi Sigurðsson

Túngötu 5

400 Ísafirði.

Skýringarmynd með grenndarkynningar, hér er búið að setja inn fyrirhugaðar breytingar inn á mynd af nærumhverfinu. Hér geta hagsmunaaðilar auðveldlega geti tekið upplýsta afstöðu til breytinga.

AKRANES

Deiliskipulag Sementsreit - Suðurgata 93

Breyting skv. 43 skipulagslaga nr. 123/2010

Breytingin felst í hækkuna á nýtingarhlutfalli úr 0,8 og í 0,95. Engar breytingar verða á hámarkshæð eða byggingarreit og aðrir skilmálar gildandi deiliskipulags haldast óbreyttir.

